

Greiðslur í eða úr sjóðnum verða 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Verðið gerist upp á viðskiptagengi eins og það verður á hverjum tíma.

*Sjávarútvegssráðuneytið, 4. mars 1980.*

F. h. r.

**Þórður Ásgeirsson.**

*Kristín Magnússon.*

6. mars 1980.

Nr. 183.

## GJALDSKRÁ

fyrir leiðsögu við Ísland.

### 1. gr.

Gjald fyrir leiðsögn skips er miðað við brúttórúmllestastærð þess, og þá vegalengd, sem það siglir, ásamt djúpristu þess, sem er innifalin í meðfylgjandi töflu.

Fyrir hverja sjómílu, eða brot úr sjómílu, allt að 10 sjómílum að og frá höfn eða stað, þar sem skipið hefur viðkomu, skal leiðsögumanni greitt samkvæmt meðfylgjandi töflu:

Fyrir skip allt að	500 br. rúml.	.....	kr. 2 600
Fyrir skip frá	500—1000 br. rúml.	.....	— 2 650
— — —	1000—1500 — —	.....	— 2 750
— — —	1500—2000 — —	.....	— 2 800
— — —	2000—3000 — —	.....	— 2 900
— — —	4000—5000 — —	.....	— 3 200
— — —	5000—10000 — —	.....	— 3 600
— — —	10000—15000 — —	.....	— 4 000
— — —	15000—20000 — —	.....	— 4 500
— — —	20000—30000 — —	.....	— 4 900
— — —	30000 og þar yfir	.....	— 5 200

Greiðsla fyrir sjómílu eða brot úr sjómílu fram yfir áður nefndar 10 sjómílu skal vera:

Fyrir skip allt að	500 br. rúml.	.....	kr. 600
Fyrir skip frá	500—10000 br. rúml.	.....	— 700
Fyrir skip frá	500—5000 br. rúml.	.....	— 700
Fyrir skip frá	5000—10000 br. rúml.	.....	— 900
Fyrir skip frá	10000 og þar yfir	.....	— 1 000

Minnsta gjald fyrir leiðsögu skal vera kr. 20 000.

Leggi leiðsögumaður skipi að eða frá bryggju, komi því fyrir eða losi það úr festum (mooring), skal hann fá fyrir það kr. 6 600 fyrir skip allt að 500 brúttórúmllestir, og kr. 600 fyrir hverjar 100 brúttórúmllestir skipsins fram yfir það.

Fyrir skip, sem sigla eftir fastri áætlun, lækka gjöldin um 25%.

### 2. gr.

Fari viðstaða skips í höfn eða viðkomustað fram úr 6 klst. á leiðsögumaður tilkall til biðpeninga fyrir þann tíma, sem viðstaðan fer fram úr 6 klst. á hverjum stað. Skulu biðpeningar miðast við kr. 2 500 pr. klst., þó ekki lengur en 8 klst. á hverjum sólarhring. Þar að auki ber leiðsögumanni frítt fæði og hvíldaraðstaða fyrir sig og aðstoðarmenn.

**3. gr.**

Leiðsögumanni ber greiðsla alls eðlilegs og sannanlegs kostnaðar fyrir flutning sinn milli skips og lands, og ferðakostnaðar frá leiðsöguhöfn í veg fyrir skipið, eða frá því til leiðsögunafnar. Hér með teljast laun á ferðalögum og ef leiðsögumaður bíður skipsins eftir ákveðinn komu- eða burtfarartíma þess. Skal það á sama hátt vera greitt með kr. 2 500 pr. klst., þó aldrei meira en 8 klst. á sólarhring (frá 0.00— 24.00).

**4. gr.**

Vetrargjaldskrá gildir á tímabilinu frá 1. október til 31. mars, og skal vera  $\frac{1}{3}$  hærri samkvæmt 1. grein, en óbreytt varðandi 2. og 3. grein.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 48 19. júní 1933, um leiðsögu skipa, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir leiðsögu við Ísland nr. 221. 8. maí 1979.

*Samgönguráðuneytið, 6. mars 1980.*

**Steingrímur Hermannsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

**REGLUGERÐ**

**um greiðslur sjúkratryggðra á sérfræðilæknishjálpi,  
rannsóknum og röntgengreiningu.**

**1. gr.**

Greiðslur samlagsmanna fyrir sérfræðilæknishjálpi, rannsóknir og röntgengreiningu, sem um ræðir í 43. gr. laga nr. 67/1971, skal vera sem hér segir:

1. Samlagsmaður skal greiða kr. 2 700 fyrir hverja komu til sérfræðings.
2. Samlagsmaður skal greiða fyrstu 2 700 kr. hvernar rannsóknar hjá rannsóknastofu eða sérfræðingi.
3. Samlagsmaður skal greiða fyrstu 2 700 kr. af kostnaði við hverja röntgengreiningu.

Ellis- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða hálf gjald þ. e. a. s. kr. 1 350 í hvert skipti.

**2. gr.**

Allar greiðslur, sem um getur í 1. gr., skulu dragast frá umsöndu eða ákveðnu heildarverði á læknishjálpi, rannsóknum og röntgengreiningu, þegar reikningur er gerður til sjúkrasamlags fyrir þessa þætti.

**3. gr.**

Reglugerð þessi er sett með heimild í 43. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar til að öðlast gildi 1. apríl 1980. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 162/1979 með sama heiti.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 24. mars 1980.*

**Svarar Gestsson.**

*Páll Sigurðsson.*